

Starfsáætlun veturinn 2017-2018

Foreldrasamstarf



Umhyggja – Jákvæð snerting- Víðsýni - Virkni

Samstarf foreldra og skóla í Álfaborg/Valsárskóla

Umhyggja, Víðsýni, Virkni og Jákvæð snerting eru einkunnarorð Álfaborgar/Valsárskóla og ósk okkar er að allt skólasamfélagið byggi á þeim.

Þátttaka foreldra í skólastarfi hefur jákvæð áhrif á framfarir og líðan nemenda í skólum. Að mennta og ala upp barn er samstarfsverkefni heimilis og skóla. Samkvæmt lögum skal skólinn vinna að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Hlutur skólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Þetta kallar á mikla samvinnu heimilis og skóla, nán tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun og samábyrgð.

Vellíðan og velgengi barna í námi byggist öðru fremur á góðum samskiptum foreldra við skólann og gagnkvæmu trausti þessara aðila. Jákvætt viðmót og upplýsingamiðlun á báða bóga er eitt af því sem skólasamfélagið þarf að stuðla að. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann og gaman væri ef foreldrar vildu koma og kynna störf sín í skólanum eða bjóða fram krafta sína á einhvern hátt.

Starfsfólk vill leggja áherslu á gott samstarf við heimilin sem byggist m.a. á góðu boðskiptakerfi. Allir foreldrar og forráðamenn fá póst frá umsjónarkennar/deildarstjóra í hverri viku þar sem farið er yfir áherslur vikunnar sem er að líða og áherslur í þeirri næstu. Mentor er einnig tæki til að skiptast á upplýsingum og þar geta foreldrar sent starfsfólki póst.

Starfsfólk skólans er alltaf til viðtals en best er að hringja ef foreldrar/forráðamenn vilja tala við einhvern sérstakan.

Fréttir af skólastarfinu og myndir eru settar inn á facebooksíðu skólans og nokkru sinnum á ári sendir skólastjóri foreldrum bréf í tölvupósti.

Allir atburðir í skólanum er auglýstir á facebooksíðu skólans. Í upphafi hvers mánaðar er mánaðarskipulag gefið út og sent foreldrum/forráðamönnum ef einhverjar breytingar verða frá mánaðarskipulagi kemur það fram á facebook síðu skólans.

Skipulögð foreldraviðtöl eru tvisvar á ári þar sem farið er yfir þroska og framfarir nemenda.

Mikilvægt er að heimilin láti vita í skólann ef einhverjar breytingar eða aukið álag er á nemanda eða fjölskyldu hans þannig að hægt sé að taka tillit til þess í skólanum.

Foreldrar og forráðamenn þurfa að tilkynna veikindi barna sinna á hverjum degi eða skrá þau á Mentor. Ef grunnskólanemandi þarf leyfi í meira en tvo daga þarf að sækja um til skólastjóra, annars hjá umsjónarkennara. Alltaf þarf að biðja um leyfi tímanlega áður en leyfið hefst svo kennarar geti tekið til það námsefni sem vinna þarf í leyfinu.

Foreldrafélag Álfaborgar – Foreldrafélag Valsárskóla

Samstarf foreldra er grasrótastarf og eflir ekki bara og styrkir sjálfsmynd barna og unglunga heldur getur haft víðtæk áhrif á mannlíf og hverfisvitund fólks. Með tímanum gárast áhrif þess ekki bara út í nánasta samfélag skólans heldur þjóðlífið allt. Með aukinni vitundarvakninu meðal foreldra um þau áhrif sem samstarfið getur haft t.d. á stefnumótun eykst ábyrgð þeirra hvað þetta varðar.

Það er ljóst að góð foreldrasamvinna og samstarf heimila og skóla hefur því mikil forvarnaráhrif.

Rannsóknir sýna að ávinningur af foreldrasamvinnu og góðu samstarfi heimila og skóla leiðir til betri líðan barna, betri námsárangurs og minna

brottfalls úr skóla þegar líður á skólagöngu barnsins.

Með öflugri þátttöku foreldra og forráðamanna í skólastarfi verður lýðræðið virkara og þess vegna hvetjum við foreldra og aðstandendur barna til að taka þátt í störfum foreldrafélags og kynna sér starfsemi þess núna í skólabyrjun.

Virkir foreldrar - betri skóli.

Þegar barn hefur skólagöngu sína verða foreldrarnir sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi. Foreldrafélög eru frjáls félagasamtök og starfa eftir eigin lögum.

Stjórn foreldrafélags Valsárskóla

Linda Stefánsdóttir (Hjalti og Sævar) formaður.

Jón Hrói Finnsson (Embla Björk) gjaldkeri.

Anna Karen Úlfarsdóttir (Alída Milla) ritari.

Jón Pétur Karlsson (Kristján Freyr) meðstjórnandi.

Ari Fannar Vilbergsson (Telma og Ása Lind) meðstjórnandi.

Skoðunarmaður reikninga

Fulltrúi í umhverfisnefnd

Bjarney Vala Steingrímsdóttir.

Áheyrnafulltrúi í skólanefnd

Hrafndís Bára Einarsdóttirog Svanbjört Brynja Bjarkadóttir til vara.

Bekkjarfulltrúar

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að vera tengiliðir við skólann eða umsjónarkennara um samveru utan skólatíma tvisvar á ári að lámarki og aðstoða við ákveðin verkefni á vegum skólans t. d. við helgileikinn í kirkjunni í byrjun desember vorgrillið. Bekkjarfulltrúar virkjar svo aðra foreldra til verkefna eftir því sem þurfa þykir.

1. - 4. bekkjar: Sveinn Heiðar Steingrímsson og Dóra Hrönn Eyvindardóttir

5. - 7. bekkjar: Jón Hrói Finnsson og Hrafnís Bára

8. - 10. bekkjar: Jón Pétur Karlsson Trampe og Stefán Björgvinsson

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

Sjá nánar á <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Fulltrúar í skólaráði

Hrafnís Bára Einarsdóttir og Svanbjört Brynja Bjarkadóttir. Til vara: Valdimar Tryggvason og Fjóla Þórhallsdóttir

Stöðug samskipti heimilis og skóla

Öll brot á öryggisreglum eru undantekningarlaust skráð í Mentor (t.d. allt ofbeldi, andlegt og líkamlegt, ógnanir og hótanir, óhlýðni við starfsfólk skóla, eiturlyf, vopnaburður). Allir kennarar skrá inn í Mentor en skólaliðar koma skriflegum upplýsingum til umsjónakennara sem skráir brotið og fylgir því eftir. Ef nemendur eru ekki komnir í skólann þegar kennsla hefst að morgni og ekki hefur verið gert grein fyrir nemandanum hringir skólastjóri heim til viðkomandi.

Allir kennarar setja inn á vikuáætlun í Mentor fyrir laugardag í hverri viku.

Umsjónakennari hefur regulega samráð við umsjónamann foreldrasamstarf og bekkjarfulltrúa um starfið.

Umsjónakennari hringir heim til foreldra ef þurfa þykir

Vikulegir viðtalstímar kennara

Skólastjóri færir vikulega inn á heimasíðu fréttir af skólastarfinu og færir inn á facebooksíðu skólans.

Skólastjóri setur matseðil inn á heimasíðu fyrir hver mánaðarmót

Allir viðburðir í skólanum eru færðir inn í viðburðadagatal skólans og fésbókarsíða skólans notuð til að minna á og miðla myndum úr starfi skólans.

Verkefni nemenda úr þemanáminu eru birt á vefsíðu skólans undir þemanám

<http://ingasigrun.wix.com/nemendurvalsarskola>

Hlutverk ábyrgðarmanns

Ábyrgðarmaður verkefnisins hefur frumkvæði að því að hafa samband við foreldrafélag og ræða skipulag samstarfsins. Ábyrgðarmaður fundar með skólastjóra um verkefnið í fyrstu viku hvers mánaðar um framgang verkefnisins. Hann kynnir framvindu verkefnisins á fyrsta kennarafundi í hverjum mánuði og tekur mið af ábendingum kennara. Ábyrgðamaður leitar eftir aðstoð við framkvæmd verkefnisins þegar þess er þörf.